

Nd.

639. Nefndarálit

um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1929.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin sjer enga ástæðu til að fjölyrða alment um frumvarpið eins og það nú liggur fyrir. Það er öllum hv. deildarmönnum kunnugt, að tekjuhallinn er nú kr. 665068,95. Hitt er líka öllum kunnugt, að tekjuhallinn er gerður í Nd. af ráðnum huga, í trausti þess, að tekjuaukafrumvörp þau, er nú liggja fyrir þinginu, verði samþykkt og geti mætt þeim halla, sem á frumvarpinu er nú.

Þar sem hv. neðri deild virtist vera einhuga um það, að sjálfsagt væri að auka gjöldin að miklum mun, og þar sem telja verður, að hún beri alla ábyrgð á þeim tekjuhalla, sem nú er orðinn, þá mætti vænta þess, að sú verði afgreiðsla hennar á tekjufrumvörpunum, að ekki verði til vandræða stýrt um fjárhag ríkissjóðs.

Fjárveitinganefndin hefir hagað meðferð sinni á frv. á þá lund, að treysta mætti þeim tekjuauka, sem hv. Ed. hefir afgreitt. Hún hefir því ekki gert neinar stórfeldar niðurskurðartillögur, en þó frekar stefnt í þá átt að minna tekjuhalla.

Um tekjukafinn gerir nefndin engar tillögur að þessu sinni, en mun athuga hann til 3. umræðu.

Hjer skal þá í aðalatriðunum gerð grein fyrir helstu breytingartillögum nefndarinnar.

12. gr.

Nokkur undanfarin ár hefir verið ætlaður 2600 kr. styrkur til Ólafsfjarðarbúa, til þess að þeir gætu haldið sjerstakan lækni, en styrkurinn var því skilyrði bundinn, að þeir legðu sjálfir fram jafnmikla upphæð. Þetta hefir ekki komið til framkvæmda, aðallega vegna þess, að hreppsþúar hafa ekki treyst sjer til þess að leggja fram svo mikla upphæð. Nú eru miklar líkur til, að þeir geti fengið til sín lækni, með því að þeir leggi fram sem svarar 1600 kr. á móti ríkissjóðsstyrknum, og vill nefndin mæla með því, að framlag Ólafsfjarðarbúa verði lækkað um 1000 kr., en ríkissjóðsstyrkurinn haldist óbreyttur.

Nefndinni hefir borist erindi frá stjórn Heilsubælisfjelags Norðurlands, þar sem óskað er 10 þús. króna framlags úr ríkissjóði til að fullgera Kristnes-hæli, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að. Fylgir erindinu lokareikningur yfir byggingu hælisins, er sýnir, að allur stofnkostnaður þess er kr. 531057,85. Upp í þetta hefir ríkissjóður greitt 256 þús. krónur, og vantar þá kr. 9528,92, til þess að hann hafi greitt helming kostnaðar. Nefndin sjer ekki, að komist verði hjá því að greiða þessa upphæð, og ætlar til þess alt að 10 þús. krónum.

Jón Kristjánsson, veitingamaður á Akureyri, hefir sent erindi, þar sem hann fer fram á 4000 kr. bætur úr ríkissjóði fyrir skaða, er hann hafi beðið af völdum sóttvarnarráðstafana. Nefndin hefir sannfærst um, að þessi maður hafi orðið fyrir allmiklu tjóni, og vill veita honum nokkra úrlausn með því að heim-

ila stjórninni að greiða honum 2000 kr. af því fje, sem í fjárlögum er ætlað til varna gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.

Rauðakrossdeild Akureyrar sækir um 3000 kr. styrk til þess að starfrækja »Hjálparstöð fyrir berklaveika á Akureyri«. Nefndin vill viðurkenna nauðsyn þessarar starfsemi með því að veita 1000 kr. styrk í þessu skyni.

13. gr.

Í frumvarpi stjórnarinnar eru ætlaðar 10 þús. kr. til Kjalarnesvegar. Þessi upphæð var hækkuð um helming í Nd. Nefndin sjer ekki brýna ástæðu til þess, að hækkað sje tillagið til þessa vegar, frekar en annara þeirra vega, er í stjórnarfrumvarpinu stóðu, og leggur því til, að fjárhæðin sje sett eins og áður var.

Nefndin leggur til, að feldur sje niður styrkurinn til gistihúsbyggingar á Ásólfstöðum. Liggja til þess meðal annars þær ástæður, að á fjölmörgum stöðum á landinu myndi vera þörf fyrir slíkar byggingar. En hinsvegar væri það allmiklum vandkvæðum bundið, ef rikissjóður ætti að veita styrk til allra þeirra bygginga, er sótt yrði um styrk til vegna umferðar. Yrði vandsjeð, hvar ætti að styrkja og hvar ekki. En hitt væri víst, að margir myndu sækja. Hinsvegar vill nefndin láta standa lánsheimild þá, sem veitt er í 22. gr., og telur það góða úrlausu fyrir hlutaðeigandi mann.

14. gr.

Liðinn til visindalegra áhalda við mentaskólann vill nefndin hækka lítið eitt, vegna þess að umsókn hefir komið um styrk til þess að kaupa nauðsynleg viðbótaráhöld við skuggamyndavjel, sem skóliun hefir nýlega eignast. Er svo frá skýrt, að vjelin komi eigi að fullum notum, nema þessi viðbótarstyrkur fáist.

Iðnaðarmannafjelagið á Akureyri hefir komið upp allmyndarlegum skóla. Hefir fjelagið bygt nýtt hús fyrir hann og unnið kappsamlega að því að gera hann sem best úr garði. Nú sækir það um 2500 kr. styrk, og vill nefndin hækka þann styrk, sem því er ætlaður í frumvarpinu, upp í 1200 kr. í tilefni af því, að hlutaðeigendur hafa sjálfir lagt á sig töluverð útgjöld til þess að búa vel að skólanum.

Í Haukadal hefir Sigurður Greipsson reist hús með heimavistum fyrir íþróttaskóla. Er sá skóli þegar tekinn til starfa og aðsókn svo mikil, að húsrúm hrekkur ekki. Fyrir því sækir hann nú um styrk nokkurn, til að auka húsrúmið og endurbæta. Nefndin væntir, að þessi skóli geti orðið að miklu gagni, og vill jafnframt viðurkenna áhuga þessa manns með því að veita honum í eitt skifti 3000 kr. styrk.

Styrkinn til Staðarfellsskólans vill nefndin færa í sömu upphæð eins og í frumvarpi stjórnariunnar, og sömuleiðis styrkinn til Óskar á Ísafirði. Jafnframt vill hún setja styrkinn til húsmæðrafræðslu í Vik í samræmi við húsmæðrafræðslustyrkinn í Mjóanesi.

Guðrún Björnsdóttir sækir um styrk til garðyrkjukenslu og húsmæðrafræðslu á heimili sínu, Knararbergi í Eyjafirði. Bygging er þar ný, og getur hún rúmað 8 nemendur. Kona þessi er mjög vel fær um garðyrkju alla og hússtjórn og hefir starfað að því mörg undanfarin ár, bæði utanlands og í gróðrarstöðinni

á Akureyri. Hún hafði og á hendi um eitt skeið forstöðu kvennaskólans á Blöndu-ósi. Skóli þessi á Knararbergi hefir nú verið starfandi í vetur, og því sækir nefnd forstöðukona hans um 2000 kr. styrk. Vill nefndin mæla með því, að henni verði veittar 1200 kr.

15. gr.

Við þessa grein hefir nefndin gert nokkrar breytingartillögur.

Í fyrsta lagi leggur nefndin til, að veittur verði alt að 5000 kr. styrkur til fjelagsmanna hjer í Reykjavík, sem bundist hafa um það samtökum að gefa út í nýrri og vandaðri útgáfu íslensk fornrit. Er ætlast til, að mikið fje safnist til þessa fyrirtækis með almennum samskotum, sem þegar eru hafin. Verður ekki byrjað á útgáfunni fyr en fengist hefir á þennan hátt 25 þús. króna fjárupphæð. Útgáfu ritsins verður skift milli ýmsra fræðimanna, en svo er til ætlast, að prófessor Sigurður Nordal hafi aðalumsjón með útgáfunni. Nefndin er sam-mála um, að þörf sje á slíkri útgáfu.

Þá þótti nefndinni rjett að verða að nokkru við tilmælum Lúðrasveitar Reykjavíkur, ekki sist vegna væntanlegrar þátttöku hennar í mannfagnaði á Alþingishátíðinni 1930. Undirbúningsnefnd Alþingishátíðarinnar mælir með um-sókninni og telur styrk nauðsynlegan.

Nefndin vill fella niður liðinn til listaverkakaupa og sómuleiðis fjárveit-ingu til Guðm. Bárðarsonar til jarðfræðirannsókna, með því að hún litur svo á, að þessir liðir báðir heyri undir Menningarsjóð.

Nefndin leggur til, að niður falli 2400 kr. styrkur til Guðmundar Kamb-ans og 2000 kr. styrkur til Stefáns frá Hvítadal. Telur hún, að þessir menn gætu komið til greina við úthlutun á þeim lið, sem ætlaður er skáldum og lista-mönnum.

Þá leggur meiri hluti nefndarinnar það til, að fjárveitingin til sjera Jó-hannesar L. L. Jóhannssonar lækki um 2100 krónur frá því, sem samþykkt var í Nd., og jafnframt að engar kröfur verði gerðar til vinnu frá hans hendi framvegis. Þessi liður verður að visu allmiklu hærri en lagt var til í stjórnarfrumvarpinu, en nefndin vill taka til greina fjárskort, elli og aðrar kringumstæður þessa manns, og telur því rjett, eftir atvikum, að ríkissjóður greiði honum svona háan styrk.

Styrkurinn til Ólafs Hvanndals er tekinn upp vegna þess, að hann einn hjerlendra manna kann að myndamótagerð, og er það honum að þakka, að hjer er hægt að prenta myndir án þess að senda þær út úr landinu til mótunar. En hann kann ekki að gera litmyndamót, og á styrkurinn að gera honum kleift að bæta við sig þeirri kunnáttu.

Þá vill meiri hluti nefndarinnar fella niður 2000 króna greiðslu (hina 1. af fjórum) til Jóns kennara Ófeigssonar, vegna vinnu hans við orðabók Sigfúsar Blöndals. Enda þótt nefndin viðurkenni, að Jón hafi unnið mikið og gott verk við orðabókina, þá litur hún svo á, að hann hafi fengið allverulega borgun fyrir það verk, þar sem hann á 5 árum hefir fengið greiddar um 20 þús. krónur fyrir starf, sem hann hefir getað stundað ank embættis síns.

16. gr.

33. og 34. brtt. Aðeins fært til samræmis við jarðræktarlögin, svo sem þau hafa nú verið samþykkt í þinginu.

Vitamálastjóri hefir látið gera uppdrátt af skjólgarðinum í Krossavík á Hellissandi og áætlun um verkið. Árin 1922 og 1923 var bygður þarna skjólgarður, sem hefir orðið mótorbátaútvæg á Sandi að miklu liði. En það hefir komið í ljós, að botnleðja og þari vill skolast inn í höfnina og þannig smáfylla hana upp. Viðbótin er hugsuð með sjerstakri hliðsjón af þessari hættu.

Nefndin leggur til, að niður falli 10 þús. króna styrkur til Sláturfjelags Suðurlands til þess að reisa niðursuðuverksmiðju. Virðist henni ástæða til að ætla, að þetta stóra og tiltölulega mjög vel setta fjelag geti komið fyrirtækinu í verk með þeirri lánsheimild, sem þingið hefir samþykkt, án þess ríkið veiti beinan styrk fyrirfram.

Þá hefir nefndin fært saman í eitt og hækkað um 200 kr. 29. og 30. lið — til Sambands ísl. heimilisiðnaðarfjelaga og til Guðm. Jónssonar frá Mosdal til að halda uppi kenslu í trjeskurði og heimilisiðnaði. — Geir G. Þormar á Akureyri sótti um styrk til þingsins til þess að kenna trjeskurð og halda uppi náms-skeiðum á Norður- og Austurlandi. Nefndin ætlast til, að Samband ísl. heimilisiðnaðarfjelaga hlutist til um, að Guðm. Jónsson frá Mosdal og Geir G. Þormar á Akureyri haldi uppi kenslu á náusskeiðum í þessari grein, Guðmundur á Vesturlandi, en Geir á Norður- og Austurlandi, og greiði þeim af þessari upphæð hæfilega borgun, eftir því sem um semst.

Nefndin vill láta falla niður þá 20 þús. króna fjárupphæð, sem Nd. samþykkti til innflutnings á sauðnautum. Álitur hún, að innflutningur þeirra, ef nokkru nemur, hljóti að kosta mikið fje, en hinsvegar tvísýnt um árangur.

Þess skal getið um styrk tii undirbúnings flugferða, að fyrir nefndinni vakir það, að alt að 6500 krónum af þeirri upphæð verði varið til flugnáms. — Telur nefndin líklegt, að eitthvað verði fengist við flugferðir hjer á landi í náinni framtíð, og að því muni það reynast hentugt, eða jafnvel nauðsynlegt, að til sje í landinu innlendur maður, sem hafi þekkingu og verklega kunnáttu í þessari grein.

Þá leggur nefndin til, að Hjalpræðishernum verði veittur 3000 króna styrkur til kaupa á gistihúsi á Seyðisfirði. Þetta er í fullu samræmi við það, sem þingið hefir gert áður, þar sem það hefir styrkt samskonar gistihús í Reykjavík, Hafnarfirði og Ísafirði. Gistihús þetta er hið eina, sem nú er á Seyðisfirði, og er þess hin mesta þörf.

17. gr.

Við þessa grein hefir nefndin gert þá einu brtt., að greiddar skuli 1000 kr. til Alþjóðahjálpar-sambandsins (International Relief Union). Ætlast nefndin til, að ríkið gerist meðlimur í sambandinu, að fengnum nánari upplýsingum, með árstíllagi sem næst þessari upphæð.

Fjelag þetta er alþjóðafjelag, og er sá tilgangur þess að veita þjóðum skjóta og verulega hjálp, þegar stórfeld slys eða hörmungar af völdum náttúr-

unnar ber að höndum. Telur nefndin auðsætt, að Íslendingum mundi geta orðið mikið gagn að þátttöku í slíkum fjelagsskap.

18. gr.

Aðalbjörg Sigurðardóttir, ekkja próf. Haralds Nielssonar, og Guðríður Ólafsdóttir, ekkja sjera Jóns Arasonar á Húsavík, hafa báðar mist menn sína nú alveg nýverið. Ekkja hins fyrnefnda mun vera mjög fátæk, en á tvö börn í ómegð. Leggur nefndin til, að henni verði á þessum lið veittar 1200 kr. Um hina síðarnefndu var farið eftir tillögum biskups, og miðast upphæðin við 300 króna eftirlaun alls. Einnig fór nefndin að mestu eftir tillögum biskups um upphæð til prestanna sjera Jóns Þorsteinssonar á Möðruvöllum og sjera Jóns Árnasonar á Bíldudal, sem báðir láta af embætti í vor vegna elli og heilsubilnnar. Báðir þessir prestar eru efnalausir. Er ætlast til, að eftirlaun hins fyrnefnda verði alls 1200 kr., en hins síðarnefnda 1000 kr.

Þá leggur nefndin til, að Jóhannesi yfir kennara Sigfússyni verði veittar 1200 kr. til viðbótar við lögákveðin eftirlaun. Hann er nú 75 ára að aldri og hefir starfað í þjónustu ríkisins sem kennari í 45 ár.

Einnig vill nefndin hækka liðinn til dr. Helga Pjeturss. Var sú leið farin að miða þar við hámarks laun prófessora háskólans.

22. gr.

Eftir ósk fjármálaráðherra var liðurinn til frystihúsálana hækkaður um 150 þús. krónur. Að öðru leyti eru breytingarnar aðeins til samræmis við aðra liði sömu greinar.

Hjer hefir þá stuttlega verið minst á helstu breytingar, sem nefndin leggur til, að gerðar verði á frv. Verður þeirra nánar getið í framsögu, og þá jafnframt gerð grein fyrir hinum, sem hjer hafa ekki verið nefndar.

Alþingi, 29. mars 1928.

Einar Árnason,
form.

Páll Hermannsson,
fundaskrifari og frsm.

Erlingur Friðjónsson. Jóh. Jóhannesson. Ingibjörg H. Bjarnason.